




HVERNIG FER ÉG AÐ ÞVÍ AÐ KJÓSA?




Þú byrjar á að finna þá kjördeild sem þú ert með lögheimili í og framvisar þar persónuskilríki með mynd (vegabréfi, ökuskipteini, bankakorti eða greiðslukorti).



Þú færð afhentan kjörseðil og ferð með hann inn í kjörklefanum þar sem þú greiðir atkvæði. Í kjörklefanum er blýantur, sem þú notar til þess að setja kross í reit fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem þú vilt kjósa.



Þegar þú hefur merkt við þann lista sem þú vilt kjósa, brýtur þú seðilinn saman svo að lettrið snúi inn.



Svo ferðu út úr kjörklefanum og að atkvæðakassanum og leggur seðilinn í kassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar.





KÆRI KJÓSANDI

Þann 10. maí næstkomandi verða alþingiskosningar. Þá færð þú þitt fyrsta tækifæri til að hafa áhrif á það hvernig landinu okkar er stjórnað.

Í alþingiskosningum veitum við þeim stjórnáráðgjafum og flokkum sem við kjósum umboð til að fara með stjórn landsins fyrir okkar hönd.





HVERJIR MEGA KJÓSA?

1. Þeir sem eru orðnir 18 ára þegar kosning fer fram.
2. Íslenskir ríkisborgarar.
3. Þeir sem skráðir eru með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi á viðmiðunardegi þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag, þ.e. 5. apríl.


Einnig eru teknir inn á kjörskrá íslenskir ríkisborgarar sem eru búsettir erlendis og hafa náð 18 ára aldri og uppfylla nánar tiltekin skilyrði.

ÞÚ KÝST Í ÞVÍ KJÖRDÆMI ÞAR SEM ÞÚ ÁTT LÖGHEIMILI.

UTANKJÖRFUNDARKOSNING

Kjósandi sem ekki getur kosið á kjördag má greiða atkvæði utan kjörfundar frá 15. mars 2003 til kjördags.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram hjá sýslumönnum, hreppstjórum, í sendiráðum, fastanefndum hjá alþjóðastofnunum eða hjá kjöræðismönnum erlendis, skipum, sjúkrahúsum, fangelsum, dvalar- og vistheimilum og í heimahúsum.



„Ungt fólk hefur ýmislegt
 ekkert sérstakt fram að
færa í stjórnáttum.“



„Ég kys alls ekki
 örugglega það sama
og pabbi.“



SETTU SKOÐANIR ÞÍNAR Á BLAÐ

„Það eru nú málefni
 frambjóðendurnir
sem ráða mínu vali.“



„Mér finnst nauðsynlegt
að geta óþarfi að eignast
eigin íbúð.“



MEÐ ÞVÍ AÐ MÆTA Á EF ÞÚ MÆTIR EKKI KJÖRSTAÐ TEKUR ÞÚ FÁ AÐRIR AÐ ÁKVEÐA AFSTÖÐU FYRIR ÞIG

Það sem ríkisstjórnin og Alþingi ákveða hefur áhrif á ótal þætti í lífi þínu - efnahag, menntun, íbúðakaup, heilsugæslu, löggæslu og svo mætti lengi telja.


Ef þú vilt að þín afstaða skipti máli við mótun samfélagsins, þá verður þú að taka þátt.

Með atkvæði þínu treystir þú stoðir lýðræðis á Íslandi.

Auðveldasta leiðin til að nálgast sjónarmið stjórnáttaráttanna og hagsmunahópa er í gegnum netið. Góður staður til að byrja á er vefurinn www.kosning2003.is

HVERNIG KJÓSA BLINDIR?

Í kjörklefanum er spjald sem er jafnstórt kjörseðlinum en með upphleypum listabókstöfum og blindralettri. Á spjaldinu er gluggi framan við hvern staf. Blindir geta sett kross gegnum gluggann í reit framan við þann lista sem þeir vilja gefa atkvæði sitt. Þannig gefst blindum kostur á að kjósa í einrúmi og án aðstoðar.






www.kosning2003.is

ÞÚ MÁTT:

Breyta röð frambjóðenda á þeim lista sem þú kýst. Þá seturðu tölustafinn 1 fyrir framan það nafn sem þú vilt hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem þú vilt hafa annað í röðinni o.s.frv.

Hafna frambjóðanda á þeim lista sem þú kýst með því að strika yfir nafn hans/hennar.




NEI

ÞÚ MÁTT EKKI:

Gera villandi eða misvísandi merki á seðilinn. Það getur valdið ógildingu atkvæðisins.

Strika alla út af þeim lista sem þú kýst. Þá verður atkvæðið ógilt.

Breyta neinu á listum sem þú kýst ekki – hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta nafnaröð. Slíkt ógildir atkvæðið.



6 KJÖRDÆMI
63 ÞINGSÆTI

54 KJÖRDÆMAKJÖRIN OG 9 JÖFNUNARSÆTI. ÞRjú KJÖRDÆMI Hafa
1 JÖFNUNARSÆTI HVERT OG HIN ÞRjú Hafa Tvö JÖFNUNARSÆTI.

